

Fundargerð

221. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 12. apríl 2016 kl. 12¹⁵–13⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi) Gestur: Laufey Helga Guðmundsdóttir
Guðfinnur Johnsen (GJ) lögfræðingur UAR
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG)
Dagbjört Vestmann Birgisdóttir (DB) (vm. LÓ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Ársreikningur 2015
- (3) Raf- og rafeindatæki
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (220. fundar).

Samþykkt

2. Ársreikningur 2015

Farið var yfir drög að ársreikningi 2015 sem og skýrslu stjórnar. Dreift var á fundinum ársreikning sem Ríkisendurskoðun hefur stillt upp fyrir rekstrarárið 2015. Raftækjaflokkurinn er gerður upp í einni samtölu í ársreikningi en Úrvinnslusjóður hefur útbúið sundurliðun, sem lögð var fram á fundinum, niður á þá sex flokka raf- og rafeindatækjaúrgangs sem unnið er eftir samkvæmt skilmálum sjóðsins við þjónustuaðila.

Umræðu frestað til næsta fundar stjórnar.

3. Raf- og rafeindatæki

Lögð voru fram á fundinum þrjú erindi er varða meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangi, en umræðu var framhaldið frá síðasta fundi stjórnar (nr. 220). Tvö erindi frá Sorpu og eitt frá Efnamóttökunni. Efni erindanna varða í aðalatriðum endurgjald Úrvinnslusjóðs fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang m.t.t. lagaskyldu um greiðslu fyrir kostnað við geymslu úrgangsins á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og mat Sorpu á þessum kostnaði.

Kostnaður við umsýslu raftækjaúrgangs var metinn eftir fermetrum sem raftækjagámar taka auk nauðsynlegs þjónustusvæðis fyrir hvern gám. Brottfallin gjaldskrá UAR var til umræðu á síðasta fundi stjórnar (nr. 220). Send var fyrirspurn til UAR um forsendur og túlkun ráðuneytisins á sínum tíma á lagaákvæði um greiðslu geymslukostnaðar og hvort þær forsendur ættu ekki ennþá við.

Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) lögfræðingur hjá UAR mætti á fundinn(kl. 13:15) og gerði grein fyrir túlkun ráðuneytisins á ákvæði um greiðslu kostnaðar við geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. LHG fór yfir hvaða kostnaðarliði eigi að telja með við mat á geymslukostnaðinum þannig að hægt verði að svara erindunum. Að mati LHG varð engin grundvallbreyting við yfirtöku ÚS á ábyrgð skilakerfanna á raf- og rafeindatækjúrangi. LHG sagði frá því að við skoðun á gögnum hafi hún fundið staðfestingu á því að einungis skuli miða við það rými gáms sem þarf á starfssvæði sveitarfélagi þegar meta skal kostnað sem ÚS/framleiðendur, innflytjenda skulu greiða sveitarfélögum. LHG fór yfir að í nefndaráli umhverfisnefndar (Þskj. 1155-327. mál), er áréttað að sveitarfélögum skuli heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af aðstöðu á söfnunarstöðvum sínum en ekki til að greiða kostnað við gerð slíkrar aðstöðu sé hún ekki fyrir hendi. LHG telur að breyting sem Alþingi gerði á lögnum við meðferð þess hafi verið gengið lengra en tilskipun ESB gerir framleiðendum við að greiða sveitarfélögum fyrir geymslu raf- og rafeindatækjaúrgang, því beri að túlka ákvæðið þröngt.

LG fór yfir svör UAR til Sambands íslenskra sveitarfélaga frá fyrrri tíð og ítrekaði þá skoðun sína að með orðinu rekstri felist meira en greiðsla fyrir landnotkun er birtist í ákvörðun UAR um gjaldskrá frá 24. mars 2009.

LHG sagði að aldrei væri minnst á orðið rekstur í lögum 55/2003 heldur aðeins um geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Gjaldskrá getur aldrei víkkað út gildi laga.

LHG yfirgefur fund kl. 13:40

Umræðu frestað.

4. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 26. apríl 2016.

Fundi slitið kl 13.50